

✉ Sjókvíaeldi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi, framleiðsla á 10.000 tonnum af laxi, frummatsskýrsla

Búið til	12.6.2020 09:53:40
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	12.6.2020 09:53:39
Tilheyrir	📁 202005-0022 - Sjókvíaeldi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi, framleiðsla á 10.000 tonnum af laxi á ári

Efni

Sjókvíaeldi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi, framleiðsla á 10.000 tonnum af laxi, frummatsskýrsla
--

Upplýsingar

Sent	12.6.2020 09:53:39	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-8 Umsagnir um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	jonsmari@skipulag.is, skipulag@skipulag.is

Innihald

<p>Tilvísun í málsnr. 202005-0022 (TB)</p> <p>Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 8. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu um 10.000 tona laxeldi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi. Beðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.</p> <p>Umsögn</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda frummatsskýrslu. Stofnunin telur að í frummatsskýrslunni sé í flestum tilfellum að finna nægjanlegar upplýsingar til taka ákvörðun um eða gefa álit á hvort heimila eigi laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi af þeirri stærðargráðu sem um ræðir. Í laxeldinu er notast við kynbættan frjóan lax af norskum uppruna, framandi tegund í íslenskrri náttúru. Stærstu áhættuþættir við laxeldi í sjó að mati Náttúrufræðistofnunar eru útbreiðsla sjúkdóma, mengun og erfðablöndun við villta laxastofna. Gerð er grein fyrir öllum þessum þáttum í frummatsskýrslunni og einnig er að finna sér kafla um samlegðaráhrif, kafli 11.11, og einnig um vöktun, kafli 12.</p> <p>Þrátt fyrir að Náttúrufræðistofnun telji að hægt sé að byggja álit Skipulagstofnunar að mestu leiti á frummatsskýrslunni vill stofnunin sérstaklega benda á nokkur atriði.</p> <p>Búið er að framkvæma mat á burðarþoli Ísafjarðardjúps m.t.t. mengunar/súrefnisinnihalds sjávar og miðast það við 30.000 tonn af fiski. Í dag eru uppi áform um eldi á yfir 25.000 tonnum af fiski á eldissvæðum sem dreifast misjafnlega um djúpið. Það gefur augaleið að mengunarálag verður misjafnt eftir svæðum en t.d.</p>
--

við Snæfjallaströnd er gert ráð fyrir þremur fiskeldissvæðum frá tveimur fyrirtækjum. Það þarf að skoða betur að hve miklu leiti burðarþolsmatið gerir ráð fyrir samþjöppun eldissvæða og hvað einstök svæði þola m.t.t. mengunar og þess lífríkis sem þar er. Í matsskýrslu þarf að skoða burðarþolsmatið m.t.t. þessa.

Einnig hefur verið gert „burðarþol“ eða áhættumat vegna erfðablöndunar en fram kemur að það hafi ekki verið samþykkt af ráðherra, sjá bls. 75. Ekki er ljóst hvað það þýðir. T.d. má spyrja hvort Skipulagsstofnun eigi að gefa álit um þessa framkvæmd á öðrum forsendum en þeim sem koma fram í „Áhætta erfðablöndunar – ráðgjöf 2020 – Hafrannsóknastofnun 11. maí 2020? Fram kemur að Hafrannsóknastofnun telur matið ekki gallalaust vegna mikillar óvissu um marga þætti, sjá bls. 77. Skoða þarf 9. gr. laga um náttúruvernd í þessu sambandi þó að leyfisveitingar í fiskeldi séu ekki teknar samkvæmt lögum um náttúruvernd í það minnsta meðan fiskeldið er ekki innan friðlýstra svæða. Hafa ber í huga að laxeldi er rekstur þar sem gert er ráð fyrir að vera með eldið í fjölmörg ár og því eru að öllu jöfnu sífellt að bætast við strokulaxar og þar með eykst áhætta á varanlegri erfðablöndun. Vissulega er gert ráð fyrir þessu að einhverju marki í útreikningum en þeir byggja á litlum gögnum. Áhættumatið gerir ráð fyrir 12.000 tonnum af laxi á ári en núverandi áform Arnarlax og annarra eru mun meiri en það. Þetta þarfnast nánari skýringa í matsskýrslu. Aukið laxeldi á Vestfjörðum í heild eykur einnig hættu á að strokulax berist til annarra svæða á landinu.

Í umfjöllun um botndýralíf er rétt að benda á að þar eru lög um náttúruvernd ekki höfð til viðmiðunar þó stuðst sé við samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Í sumum tilfellum virðist sem framkvæmdaraðili telji að lög um náttúruvernd gildi ekki í hafi, sjá t.d. kafla 11.2.2.

Niðurstaða

Að mat Náttúrufræðistofnunar, og eins og áður hefur komið frá hjá stofnuninni, er laxeldi í sjó með framandi tegundum, frjóum kynbættum laxfiskastofni af norskum uppruna, ekki í samræmi við 1. gr., 2. gr. né 9. gr. laga um náttúruvernd né í samræmi við samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Neikvæðar afleiðingar af laxeldi í sjó eru þekktar og mótvægisáðgerðir virðast ekki hafa komið í veg fyrir þær, s.s. að lax sleppi með tilheyrandi afleiðingum, þó svo að staðsetning og góður rekstur geti dregið úr neikvæðum áhrifum. Það er fordæmisgefandi á neikvæðan hátt að líta svo á að það sé yfirleitt ásættanlegt að menga/erfðablanda villta dýrastofna tilviljunarkennt byggt á útreikningum (stærðfræðilíkönum oft með áætluðum og gefnum forsendum sem eiga að lýsa flóknum vistfræðilegum ferlum) sem engin vissa er fyrir að séu réttir. Enn síður er víska fyrir því hver hin endanlegu áhrif geta orðið á íslenska laxastofna. Þetta er einnig alvarlegt í ljósi þess að ekki eru fyrir hendi aðferðir, nema að mjög takmörkuðu leiti, til að fylgjast með og eða stýra hvert eldisfiskur sem sleppur fer né hvaða laxastofnar verða fyrir áhrifum.

Náttúrufræðistofnun telur m.t.t. hlutverks stofnunarinnar að framangreind frummatsskýrsla geri að mestu leiti, með fullnægjandi hætti, grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi og umhverfisáhrifum en telur að bæta megi umfjöllun sbr. framangreint. Náttúrufræðistofnun leggur annað mat á áhrifin en framkvæmdaraðili og telur stofnunin með hliðsjón af lögum um náttúruvernd að ekki eigi að nota frjóan lax af framandi stofni í laxeldi í sjókvíum á Íslandi heldur einungis í lokuðu umhverfi. Ef heimila á laxeldi með framandi tegundum af laxi í sjókvíeldi á það að vera ófrjór fiskur. Verði framkvæmdin heimiluð verður að tryggja, með vöktun, rannsóknunum og aðgerðum, að hægt sé að fylgjast með og rekja til upprunans þau áhrif sem villtir laxastofnar geta orðið fyrir. Og jafnframt gera ráð fyrir að hægt sé að bregðast við óásættanlegum neikvæðum afleiðingum sjókvíeldis á viðeigandi hátt.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson

Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)